

- Svára þarf áreiðanleikakönnun, AML, fyrir húsfélagið. Hafi það ekki verið gert áður. Tilvísun í lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr.64/2006. Könnunina er hægt að nálgast í Þjónustuveri Arion banka sími 444-7000 eða í næsta útibúi bankans.
 - ✓ Hægt er að fá könnunina senda á tölvupósti til að taka með á húsfund.
 - ✓ Áður en AML er samþykkt á húsfélagið þurfa allir stjórnarmenn húsfélagsins, gjaldkerar og umboðshafar að vera búnir að skanna löggild skilríki, ökuskrírteini eða vegabréf. Hægt er að fá nánari upplýsingar í Þjónustuveri Arion banka.

- Húsfélagið þarf að skila inn eftirfarandi gögnum:
 - ✓ Kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna
 - ✓ Samþykki húsfélagsfundar ásamt frumriti af fundargerð, undirritaðri af fundarstjóra og að minnsta kosti einum fundarmanni, þar sem fram kemur að:
 - Lántakan var rædd
 - Til fundarins hafi verið boðað á löglegan hátt
 - Ákvörðun um fyrirhugaða lántöku hafi verið tekin
 - ✓ Meirihluti eigenda (2/3 hluti miðað við fjölda og eignarhluta) þarf að undirrita *Yfirlýsingu vegna lántöku*, þar sem þeir staðfesta löglega fundarboðun og ákvörðun um lántöku.
 - Athugið vel að allir eigendur bera persónulega ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn.
 - Yfirlýsingunni þarf að skila til bankans innan þriggja mánaða frá undirritun.
 - ✓ Við stærri framkvæmdir er nauðsynlegt að húsfélag hafi eftirlitsaðila sem fylgist með verkframkvæmdum og skrifi upp á reikninga verktaka eftir að úttekt hafi farið fram á einstökum verkhlutum eða við verklok.

- Eyðublöð varðandi Húsfélagþjónustuna er hægt að nálgast á [heimasíðu Arion banka](#)